

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri

2015 - 2016

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2015 -2016

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skýrsla um skólahald	3
Markmið og stefna	4
Starfsmarkmið	4
Niðurstöður.....	4
Skólastefna	5
Niðurstöður.....	5
Skólahald	6
Fjöldi nemenda og bekkjardeilda	6
Forföll nemenda	6
Forföll kennara og starfsmanna	7
Niðurstöður samræmdra prófa	7
Aðkeypt þjónusta.....	7
Sjálfsmat	7
Inngangur.....	7
Niðurstöður gæðagreina	8
Gæðagreinir 2.2	8
Gæðagreinir 3.1	8
Gæðagreinir 5.1	9
Gæðagreinir 5.7	10
Samantekt.....	11
Umbótaáætlun	12
Skólapúlsinn.....	12
Nemendakönnun	13
Foreldrakönnun	14
Starfsmannakönnun.....	18
Þarfagreining	21
Viðhald.....	21
Fjárfestinga	21
Fjárhagsáætlun	22

Inngangur

Grunnskólinn á Suðureyri hóf starfsemi 1908. Skólastjóri er Þormóður Logi Björnsson.

Skipulag innra mats í Grunnskólanum á Suðureyri byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Framtíðarsýn Ísafjarðarbæjar er höfð að leiðarljósi.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Skólastjóri setur upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggur fyrir starfsmannafund. Áætlun fyrir 2015-2018 var sett upp í haust, birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsmannafundi. Hlutverk skólastjóra í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana, vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og birta þær á heimasíðu.

Skýrsla um skólahald

Skólaárið 2015 - 2016 var með nokkuð hefðbundnu sniði. Í skólanum voru 47 nemendur og rúmlega 5 kennarastöður og ein og hálf starfsmanna staða.

Helstu breytingar frá fyrri árum er að nú eru smíðjur hjá yngri nemendum. Þar sem nemendur fara í lotum í smíði, heimilisfræði og myndmennt. Textíll var aftur á móti kennd allt árið. 4 tímar á viku voru í vali hjá eldri nemendum. Nemendur völdu síðasta sumar og fengu það sem þeir óskuðu eftir. T.d. Þýsku, hópípróttir, áhugasvið og heimilisfræði.

Grunnskólinn á í mjög góðu samstarfi við nærsamfélagið. Öll fyrirtæki á svæðinu hafa stutt við bakið á öllu því sem nemendur láta sér detta í hug. Skólablaðið kom mjög vel út fyrir ferðasjóð nemenda og 430 fest skilaði einnig góðum hagnaði vegna dyggs stuðnings samfélagsins. Við höfum nú þegar samið við Klofning um að fá starfsmann þar lánaðan til að kenna tælensku í skólanum á næsta skólaári. Það er ómetanlegt að vera í samfélagi þar sem stutt er við skólann á þennan hátt.

Við höfum einnig verið í góðu samstarfi við leikskólann Tjarnabæ. Nemendur sem byrja í skólanum núna í haust, komu fyrst í heimsókn fyrir áramót. Eftir áramót komu þau svo reglulega í skólann. Þau fengu að taka þátt í öllum tímum og einnig sérstaka tíma ein með tilvonandi umsjónarkennara. Skólarnir tóku saman þátt í menningarviðburðum og ferðum. Við ætlum að sjálfsögðu að halda þessu samstarfi áfram og jafnvel bæta í.

Skólinn var settur 24. ágúst með markmiðsviðtölum eins og undanfarin ár. Í september tókum við í gagnið nýja heimasíðu fyrir skólann ásamt facebook síðu. 135 fréttir voru birtar á skólaárinu og innlit á síðuna voru tæplega 9.000. Við skrifuðum undir þjóðarsátt um læsi og skólinn tók þátt í Norræna skólahlaupinu í fyrsta skipti í nokkur ár. Skólalóðin var kláruð í október ásamt því að eldri nemendur fengu fjármálafræðslu og tóku þátt í nýsköpunarkeppni þar sem þeir lentu í 1. og 2. sæti. Yngri nemendur fóru á sífóníutónleika og á leiksýningu.

Í nóvember komu læsiráðgjafar í heimsókn og voru þeir mjög ánægðir með hvernig læsiskennslu er háttað í skólanum. Við gáfum út skólablað í desember og fengum listamann í heimsókn. Það var mikið í blaðið lagt og er ætlunin að gera enn betur á næsta ári. Foreldrum var sérstaklega boðið í skólann 1. des eins og venjan er, við ætlum að fjölga þannig dögum á næsta skólaári. Litlu jólin voru haldin 18. desember og skólinn byrjaði aftur eftir jólafrí 4. janúar.

Mikið var um óveður í febrúar og mars. Eitthvað vantaði af nemendum en skólinn var opinn og kennsla fór fram. Við tókum þátt í litlu og stóru upplestrarkeppninni í febrúar og mars. Þann 17. mars var árshátíð skólans haldin og var hún einkar vel heppnuð. Nemendur settu upp leikritið Emil í Kattholti undir leikstjórnar Víkings Kristjánssonar sem við fengum lánaðan frá Klofningi og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það. Í apríl fengum við forritunarkennslu sem nemendur kunnu vel að meta, fórum í skíðaferð og nemendur héldu fyrsta árlega samskólaballið „430 fest“ á Suðureyri. Samkeppni um merki fyrir skólann var haldin í maí. Merkið var valið af samfélaginu og er nú í höndum hönnuðar sem mun skila því af sér í júní. Skólastjóri fór yfir niðurstöður skólapúlsins með nemendaráði og á fundi með foreldrum. Skólasýning grunnskólans var svo 22. maí og skólaslit fóru fram 31. maí.

Markmið og stefna

Starfsmarkmið

Að auka markvisst ábyrgð nemenda á námi og hegðun.

Leið: Með því að vinna stöðugt í anda uppbyggingarstefnunnar og auka sjálfstæði og valhæfni nemenda svo sem við námsáætlanir og sjálfsmat. Viðmiðið er frjálsari skólabragur og aukin ábyrgðartilfinning nemenda.

Árangursmæling: Nemendakönnun Skólapúlsins.

Að bæta samskipti milli heimila og skóla.

Leið: Með öflugri upplýsingamiðlun til foreldra. T.d. með virkri heimasíðu. Einnig með því að hafa reglulega fundi með foreldrum og að vinna náið með foreldrasamfélaginu að öflugri skólustarfi. Viðmið að allir foreldrar hafi í lok skólaársins fengið aðgang að "Námfúsum" þar sem ýmsar upplýsingar varðandi námsframvindu nemenda eru geymdar.

Árangursmæling: Með foreldrakönnun Skólapúlsins.

Að auka hreyfingu nemenda.

Leið: Með því að fara reglulega í íþróttahúsið utan íþróttatíma og eða með því að auka áhuga á útivist með útikennslu og skipulegum gönguferðum. Viðmiðið er að alla daga verði einhver skipuleg hreyfing.

Árangursmæling: Nemendakönnun Skólapúlsins.

Að auka ánægju af lestri.

Leið: Yndislestur á hverjum degi, regluleg lestrarátök og að kennarar og starfsfólk tali fyrir mikilvægi lesturs reglulega. Kennarar hvetja heimili til að lesa og hvetja nemendur til lesturs.

Árangursmæling: Nemendakönnun Skólapúlsins.

Niðurstöður

- Ábyrgð á námi og hegðun er með besta móti í Grunnskólanum á Suðureyri. Nemendur vinna vel og leggja áherslu á að fylgja áætlunum. Kennarar vinna mis mikið eftir uppbyggingarstefnunni. Því er tilefni til þess í haust að endurskoða þetta markmið. Samkvæmt niðurstöðum Skólapúlsins eru foreldrar og nemendur upp til hópa ánægðir með aga og ábyrgð nemenda.
- Það gekk vel að bæta samskipti við heimilin. Heimasíðan er virk og foreldrum finnst þeir velkomnir í skólann. Við viljum halda áfram að bæta þetta og ætlum okkur á næsta skólaári að hafa fleiri opna daga, þar sem foreldrum er sérstaklega boðið í skólann og halda áfram að bæta heimasíðu skólans. Samkvæmt foreldrakönnun eru foreldrar

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2015 -2016

ánægðir með samskipti við kennara. Heimasiða skólans fékk svo hæstu einkunn frá öllum foreldrum sem svöruðu.

- Okkur hefur gengið vel að auka hreyfing nemenda. Það eru skipulagðir tímar 4 sinnum í viku og kennarar eru duglegir við að leyfa nemendum að hreyfa sig utan þess. Samkvæmt nemendakönnun Skólapúlsins hefur hreyfing nemenda aukist á árinu.
- Ánægja af lestri er yfir landsmeðaltali hjá okkur, samkvæmt Skólapúlsinum. Við höfum farið í regluleg lestrarátök og kennarar hafa verið duglegir að hvetja nemendur til lesturs og fá heimilin með okkur í lið í því. Ánægja af lestri minnkaði þó aðeins á skólaárinu og erum við staðráðin í því að snúa því við á næsta skólaári m.a. með því að gera lestur enn sýnilegri í skólastarfinu. Einnig verður stundatöflum háttað þannig að allir nemendur geti byrjað sinn dag á yndislestri.

Skólastefna

Einkunnarorð

Ástundun, árangur, ánægja

Stefna Grunnskólans á Suðureyri er að:

- fylgja markmiðum aðalnámskrár grunnskóla,
- skólinn sé öruggur og aðlaðandi vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk þar sem þeim líður vel
- koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda, vekja áhuga þeirra á námi og efla sjálfsvirðingu þeirra,
- nemendur borði hollan og góðan mat og stuðla að aukinni hreyfingu nemenda,
- vinna að góðum samskiptum skóla og heimila.

Niðurstöður

- Skólanámskrá var á árinu aðlöguð að aðalnámskrá og einkunnargjöf samkvæmt nýjum stöðlum í 10. bekk. Lykilhæfni var metin hjá öllum nemendum í ár. Við munum halda því áfram ásamt því að allt unglíngastigið fær einkunnir samkvæmt nýjum stöðlum.
- Samkvæmt skólapúlsinum eru nemendur, foreldrar og starfsfólk almennt ánægð með skólann sem vinnustað og sérlega voru eldri nemendur ánægðir með nýja stóla sem keyptir voru á skólaárinu.
- Samkvæmt Skólapúlsi nemenda, þá tókum við stórt skref fram á við í áhugavekjandi námi á skólaárinu. Við erum þó ennþá undir landsmeðaltali, en við teljum okkur á réttri leið. Eldri nemendur eru þó með lítið sjálfssálit og foreldrar hafa ekki mikla trú á framtíðar menntun barna sinna. Skólastjóri gerði þetta að sérstöku umtalsefni m.a. á skólaslitum og við viljum að nemendur og foreldrar sjái og trúi á ágæti nemenda grunnskólans.
- Við höfum í vetur stuðlað að aukinni hreyfingu m.a. með því að hafa hana reglulega í skólanum og stuðla að því að nemendur taki þátt í íþróttastarfi. Það hefur gengið vel í vetur. Nemendur borða hollan mat í skólanum. En við erum undir landsmeðaltali hvað varðar hollan mat dags daglega í Skólapúlsinum.

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2015 -2016

- Markvisst hefur verið unnið að góðum samskiptum við heimili á skólaárinu. Á næsta skólaári stendur til að bjóða foreldrum oftari í skólann. Samkvæmt skólapúlsinum eru foreldrar almennt ánægðir með samskipti heimilis og skóla.

Skólahald

Fjöldi nemenda og bekkjardeilda

47 nemendur voru í Grunnskólanum á Suðureyri í 3 bekkjardeildum. Í erlendum tungumálum og smiðjum var skipt öðruvísi. 13 nemendur eru með pólsku og 5 nemendur tælensku sem móðurmál. Skólinn fékk úthlutað 143 kennslustundir.

Yngri hópur – 17 nemendur

1. bekkur – 8 nemendur
2. bekkur – 6 nemendur
3. bekkur – 3 nemendur

Miðhópur – 16 nemendur

4. bekkur – 5 nemendur
5. bekkur – 7 nemendur
6. bekkur – 4 nemendur

Eldri hópur – 14 nemendur

7. bekkur – 3 nemendur
8. bekkur – 5 nemendur
9. bekkur – 2 nemendur
10. bekkur – 4 nemendur

Forföll nemenda

47 nemendur hófu og luku námi við Grunnskólann á Suðureyri í vetur.

Fjarvistardagar nemenda: 731 (437)

Veikindadagar nemenda: 218 (246)

Leyfis dagar nemenda: 513 (191)

Óheimilar fjarvistar nemenda voru engar. Tölur í svigum eru frá skólaárinu 2014 - 2015.

Leyfisveitingar eru, miðað við síðasta skólaár, vist áhyggjuefni. Við munum endurskoða verklag í kring um leyfi í haust.

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2015 -2016

Forföll kennara og starfsmanna

10 starfsmenn voru í vinnu við Grunnskólann á Suðureyri í vetur. Auk þess var einn starfsmaður í hlutastarfi á vegum Róta - félags um móðurmálskennslu eftir áramót. 6 kennaramenntaðir kennarar, danskennari, skólastjóri og 2 almennir starfsmenn.

Stöðugildi: 1 staða skólastjóra, 5,15 staða kennara og 1,38 staða almennra starfsmanna.

Forföll kennara: 703 tímar (441)

Greidd forföll: 156 tímar (271)

Forföll almennra starfsmanna: 13 dagar (11). 6 dagar vegna veikinda og 7 vegna leyfa.

Tölur í svigum eru frá skólaárinu 2014 - 2015. Þrátt fyrir langtímaveikindi kennara og 37% meiri forföll kennara en árið áður. Þá greiddum við 43% færri forfallatíma. Það féllu niður rúmlega 80 tímar. Aðallega er um sérkennslutíma að ræða en einnig örfáa tíma eftir hádegi. Þessi hagræðing næst með samkomulagi við starfsmenn og kennara um að vinna af sér leyfi með forföllum, yfirvinnu og sameiningu hópa.

Niðurstöður samræmdra prófa

Af niðurstöðum má sjá að uppgangur er í 4. og 10. bekk en það þarf að gera betur hjá 7. bekk.

2015 / Síðustu 5 ár	Íslenska	Stærðfræði	Enska
4. bekkur	24,0 / 19,8	28,4 / 23,8	
7. bekkur	21,0 / 23,4	17,5 / 21,7	
10. bekkur	30,2 / 27,1	23,0 / 23,6	30,0 / 28,9

Aðkeypt þjónusta

Skólinn fær sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tólmstundarsviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Við höfum keypt túlkþjónustu fyrir foreldrafundi og aðra mikilvæga fundi. Einnig höfum við keypt akstur fyrir nemendur á samskólahátíðir, í vorferðir og í skíðaferð.

Sjálfsmat

Inngangur

Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri hefur unnið að sjálfsmati skólaárið 2015-2016. Við skoðuðum líðan og þarfir starfsfólks, skólanámskrá og samstarf milli heimilis og skóla. Við notuðum Gæðagreini 2 frá Skólaskrifstofu Skagafjarðar nr. 2.2, 3.1, 5.1 og 5.7. Við fórum saman

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2015 -2016

yfir gæðagreininn og rökræddum hverja spurningu fyrir sig og komumst að lokum að sameiginlegri niðurstöðu. Ásamt því að nota niðurstöður úr Skólapúlsinum. Grunnskólinn tók þátt í tveim nemendakönnunum á árinu. Einni foreldra könnun og einni starfsmannakönnun. En farið er sérstaklega yfir niðurstöður úr skólapúlsinum á eftir niðurstöðum úr gæðagreini.

Niðurstöður gæðagreina

Spurningarnar í gæðagreini voru í formi fullyrðinga og svarmöguleikarnir voru þessir:

1 ófullnægjandi	2 slakt	3 nægilegt
4 gott	5 mjög gott	6 framúrskarandi

Gæðagreinir 2.2

Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólatarfi.

Foreldrar allra nemenda, líka þeirra sem eiga erfitt uppdráttar í skólanum, gegna mikilvægu hlutverki í námi og þroska barna sinna. **3. Ekki allir foreldrar sinna hlutverki sínu í námi og þroska barna sinna.**

Þeir taka virkan þátt á fundum og viðburðum sem skólinn boðar til. **4. Lítil hluti foreldra mætir ekki á hópfunði.**

Þeir leggja af mörkum eins og þeim er unnt til menntunar og þroska barna sinna, öryggis þeirra og heilsu með virkum stuðningi og frumkvæði að aðgerðum, ásamt starfsfólki skóla og samstarfsaðilum. **4. Frumkvæði vantar og lítil hluti foreldra hafa getu til að aðstoða börn sín en gera það ekki.**

Foreldrar og foreldrasamtök eru örugg í samstarfi við okkur. **5. Samstarf hefur verið gott.**

Foreldrar, forráðamenn og fjölskyldur eru ánægð með gæði menntunar sem við bjóðum upp á. **4. Meirihluti samkvæmt skólapúlsi.**

Foreldrar láta í ljós að við gefum þeim skýrar upplýsingar og skilaboð um námsframvindu barnanna og að við bregðumst skjótt og á gagnlegan hátt við skoðunum þeirra og fyrirspurnum. **5. Meirihluti samkvæmt skólapúlsi.**

Gæðagreinir 3.1

Þátttaka starfsfólks í starfi skólans.

Við höfum skýra sameiginlega sýn og skilning á því hvernig við veitum góða menntun. **4. Mættum ræða meira um sameiginlega sýn.**

Við erum áhugasöm og leggjum metnað í að efla gæði skólastarfsins. **5. Auka má fjölbreytni.**

Við tökum fúslega þátt í símenntun sem bætir árangur og stuðlar að framförum nemenda. **5. Vantar meiri fjölbreytni í framboðið.**

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2015 -2016

Framlag okkar til skólastarfsins er áhrifaríkt og við vinnum vel saman í teyrum/hópum í skólanum og með samstarfsaðilum. **4. Vegna fámennis er ekki teymi innan skólans. Samstarfs við aðra skóla er til staðar en þarf að vera meira.**

Við gerum okkur ljóst hverjar skyldur okkar eru til að efla persónulegan og félagslegan þroska og heilbrigði allra barna og ungmenna. **6. Við erum vel meðvituð um þessa þætti.**

Okkur finnst að í skólanum séum við metin að verðleikum, leitað eftir skoðunum okkar og við studd eftir þörfum. **5. Samkvæmt skólapólusi erum við ánægð en mættum fá meira hrós.**

Okkur finnst sjónarmið okkar og hæfileikar bæði einstaklinga og hópa, hafa áhrif á hvernig gæði starfsins og árangur nemenda eru eflað í skólanum. **4. Samkvæmt skólapólusi metum við okkur ekki nægilega sjálf að verðleikum.**

Við höfum jákvæða afstöðu til vinnuskilyrða, húsnæðis, þjónustu, starfsmannasamtala og tækifæra til endurmenntunar. **2. Húsnæði og endurmenntun kemur hér: Ástand kennslurýma er mjög ábótavant. Tækifæri til endurmenntunar eru ekki góð. Framboð úti á landi er lítið. Aðrir liðir fá 6 stig.**

Okkur finnst við njóta stuðnings í starfi til að veita sem besta menntun. **5. Við erum í eðli okkar einyrkjar en njótum stuðnings frá samstarfsfólki ef á þarf að halda.**

Gæðagreininir 5.1

Skólanámskrá.

Skólanámskráin okkar markar skýra stefnu sem byggð er á sameiginlegu gildismati. **5. Skólanámskráin er lifandi skjal sem þarf að endurskoða reglulega.**

Í henni er stuðlað að krefjandi viðfangsefnum, starfsánægju, breidd, jafnvægi, framvindu, samhengi, einstaklingsmiðun, og vali í námi allra nemenda. **5. Við teljum alla þessa þætti vera í skólanámskránni en endurskoða verður hana reglulega.**

Skólanámskráin tekur mið af kringumstæðum bæði í nærsamfélaginu og í samfélaginu í heild. **5. Við þurfum að vera vakandi yfir bæði nærsamfélaginu og samfélaginu í heild.**

Í henni er svigrúm fyrir einstaka kennara og kennarahópa til að efna til vel ígrundaðra þróunarverkefna til að mæta þörfum nemenda. **5. Þarfi nemenda og samfélagsins eru síbreytileg.**

Við þróum og endurbætum skólanámskrána reglulega þar sem allt starfsfólkið tekur þátt og tekið er tillit til skoðana nemenda okkar og foreldra þeirra. **5. Skólanámskráin er lifandi plagg sem allir þurfa að taka þátt í að viðhalda.**

Við ígrundum sameiginlega umfang og gæði námsreynslu nemenda, áhrifin sem sú námsreynsla hefur á nemendur og hvaða árangri þeir ná. **5. Við erum að þróa okkur í þessari vinnu.**

Áætlanir okkar og námsleiðir eru áhugaverðar, krefjandi og veita ánægju. **4. Þurfum að vera vakandi yfir þáttunum krefjandi og ánægja.**

Við bregðumst við og mætum þörfum nemenda. **5. Við þurfum að vera vakandi yfir ólíkum þörfum nemenda.**

Skipulag skólstarfsins styður framvindu námsgreina og tengsl milli námsþátta. **5. Á unglíngastigi koma fleiri kennarar að þar sem meiri fagskipting er til staðar.**

Kennarar þróa færni nemenda í lestri-, ritun-, og stærðfræði samkvæmt áætlun skólanámskrár. **6. Markvist hefur verið unnið að þessu.**

Skólanámskráin okkar stuðlar mjög vel að alhliða framförum og nemendur okkar vaxa úr grasi sem nýtir þjóðfélagsþegnar. **5. Þurfum alltaf að vera með hugann við þetta.**

Við tryggjum að þegar nemendur flytjast á milli skóla eða taka þátt í skólstarfi í örðum skólum (s.s. tónlistarskóla, framhaldsskóla) haldist samfella og framvinda í námi þeirra. **5. Við munum alltaf stuðla að góðum tengslum á milli skólastiga og innan skóla.**

Við stuðlum að því að nemendur okkar séu skapandi, áræðnir og undirbúnir fyrir starfsumhverfi og starfsferil sinn í framtíðinni. **6. Við vinnum að þessu eftir bestu getu með gagnrýninni hugsun.**

Gæðagreinir 5.7

Samstarf við nemendur og foreldra.

Aðferðir okkar við að virkja foreldra og fjölskyldur til þátttöku í skólstarfi eru skipulagðar, hafa tilgang og leiða til árangursríkra gagnkvæmra samskipta bæði við einstaka foreldra/forráðamenn og foreldrahópa um nám nemenda og starf skólans. **4. Nálægðin er mikil og því getur skipulaginu verið ábótavant.**

Í skólann okkar eru allir velkomnir. **6. Allir eru velkomnir.**

Við leggjum okkur fram um að hverja foreldra til að taka þátt í menntun og ummönnun barna sinna. **5. Gott samstarf er alltaf nauðsynlegt.**

Við reynum sérstaklega að ná til þeirra sem eru ekki virkir í samskiptum við skólann. **3. Við þurfum að setja okkur markvissa stefnu í þessu.**

Við styðjum foreldra til þess að skilja og taka virkan þátt í umræðum um framfarir barna sinna og um leiðir til samvinnu um næstu skref í námi. **5. Við þurfum að huga að eftirfylgni.**

Við mætum þörfum foreldra um samráðstíma sem þeim hentar svo framarlega sem okkur er unnt. **6. Það gerum við svo sannarlega.**

Við notum skilvirkar leiðir til samskipta og samráðs við foreldra og nemendur um gæði menntunar og rekstur skólans. **5. Við mættu auka samráð við foreldra og nemendur.**

Við notum fjölbreyttar samskiptaleiðir, s.s. samtöl, bréfaskriftir, tölvupóst, símtöl og setjum upplýsingar fram á heimasíðu skólans. **6. Við notum allar þessar leiðir.**

Fulltrúar nemenda og foreldra eiga aðild að skipulagningu skólstarfsins. **6. Já, í gegnum skólaráð.**

Skýrar boðleiðir eru fyrir foreldra til að koma kvörtunum á framfæri og foreldrar skilja hvernig á að nota þær. **4. Þarf að kynna betur fyrir foreldrum.**

Við svörum erindum foreldra og þegar tillögur þeirra samræmast ekki skólastarfinu útskýrum við það. **6. Við gerum það.**

Við notum árangursríkar leiðir til að mæta fjölbreyttum þörfum foreldra/forráðamanna, svo sem vegna fötlunar og veitum túlkþjónustu. **5. Skólahúsnæðið mætir ekki þörfum fatlaðra.**

Við greinum foreldrum og nemendum árlega frá helstu forgangsverkefnum okkar og lykilniðurstöðum um skólastarfið. **6. Þurfum samt að vera vakandi og gleyma ekki að koma upplýsingum frá okkur.**

Við gefum greinargóðar upplýsingar á viðeigandi hátt um lykilþætti í störfum okkar. **6. Við gerum það.**

Sjálfsmatsskýrsla skólans dregur á greinargóðan hátt fram styrkleika skólans og sóknarfæri í starfi hans. **5. Þurfum að passa að niðurstöður séu skýrar.**

Við fögnum því þegar foreldrar hafa frumkvæði að því að taka upp málefni sem varðar skólann og þróun skólastarfsins umfram það sem tengist þeirra eigin börnum sérstaklega. **6. Við tökum fagnandi á móti frumkvæði frá foreldrum.**

Samantekt

Lítill hluti foreldra mætir ekki á hópfundi. Ekki sinna allir foreldrar hlutverki sínu í námi og þroska barna sinna. Frumkvæði foreldra til menntunar og þroska barna sinna er ábótavant. Nokkrir foreldrar hafa getu til að aðstoða börn sín gera það ekki. Samstarf við foreldrafélagið er gott. Samkvæmt skólapúlseinum er meirihluti foreldra ánægður með gæði menntunar sem í boði er. Þeir segjast fá skýrar upplýsingar og skilaboð um námsframvindu barna sinna.

Starfsfólk þarf að ræða meira um sameiginlega sýn á því hvernig við veitum góða menntun. Starfsfólk er áhugasamt og leggur metnað í að efla gæði skólastarfsins en þarf að auka fjölbreytni. Starfsfólk hefur áhuga á símenntun en fjölbreytni og framboð þarf að vera meira. Vegna fámennis er ekki unnið í teymum innan skólans, en samstarf við aðra skóla er gott. Þó mætti það samstarfs vera meira. Við erum vel meðvituð um hverjar skyldur okkar eru til að efla persónulegan og félagslegan þroska barna og ungmenna. Starfsfólk er metið að verleikum og leitað er eftir skoðunum þess, en efla má sjálfstraust starfsfólks. Starfsmannasamtöl eru góð. Ástand kennslurýma er mjög ábótavant, gluggar halda ekki vatni og töluverðar rakaskemmdir eru í kennslurýmum.

Skólanámskráin okkar er ný uppfærð, en hún er lifandi skjal sem þarf að endurskoða reglulega. Allt starfsfólk tekur þátt í þeirri vinnu. Hún tekur mið af umhverfi okkar og samfélagi. Hún uppfyllir þarfir allra nemenda og í henni er svigrúm til þróunarverkefna og einstaklingsmiðunar. Kennarar vinna eftir skólanámskránni. Þegar nemendur flytjast á milli skóla og skólastiga fylgja þeim upplýsingar. Við stuðlum að því að nemendur okkar séu skapandi, áráðnir og undirbúnir fyrir starfsumhverfi og framtíð sína.

Nálægðin við samfélagið er mikil og samskipti góð. Þó þarf að huga að því að ekki verði neinn útundan. Allir er velkomnir í skólann okkar og viljum við hafa gott samstarf við foreldra. Við ræðum við foreldra um framfarir en þurfum að hafa meiri eftirfylgni. Við mætum þörfum foreldra um samráðstíma eins og kostur er. Í gegnum skólaráð koma foreldrar og nemendur að

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri 2015 -2016

umræðum um gæði menntunar og rekstur skólans. Við tökum fagnandi á móti frumkvæði frá foreldrum. Við notum fjölbreyttar samskiptaleiðir til að koma upplýsingum á framfæri. Kynna þarf boðleiðir fyrir kvartanir betur fyrir foreldrum. Við svörum erindum foreldra og greinum þeim og nemendum frá helstu forgangsverkefnum okkar. Við notum fjölbreyttar leiðir til að mæta þörfum foreldra eða forráðamanna en bendum á að skólahúsnæðið mætir ekki þörfum fatlaðra. Sjálfsmatsskýrsla skólans dregur á greinargóðan hátt fram styrkleika og veikleika í starfi.

Umbótaáætlun

Fara þarf yfir mikilvægi þáttar foreldra í námi barna sinna og leggja áherslu á mikilvægi þess að mæta á almenna fundi og hafa frumkvæði í námi barna sinna. Hugmyndir af spennandi viðfangsefnum eru vel þegnar og kennarar eru alltaf tilbúnir til viðtals vegna erfiðleika í námi. Kynna þarf fyrir foreldrum á haustfundi viðeigandi boðleiðir í skólastarfi.

Vinna þarf af þessu alltaf og er ábyrgðin hjá skólustjóra og umsjónarkennurum.

Við ætlum að gera menntun barnanna sýnilegri með fleiri opnum dögum og virkja heimasíðuna enn frekar haustið 2016.

Skólustjóri sér um skipulagningu í samvinnu við starfsfólk.

Skipuleggja þarf fundi um sameiginlega sýn á menntun og fjölbreyttum kennsluháttum. Jafningjamat og umræður um kennsluhætti verða reglulega á skólaárinu. Við viljum leggja áherslu á að hrósa hvort öðru fyrir vel unnin störf og þannig styrkja sjálfsmynd starfsfólks. Nú þegar er búið að skipuleggja sameiginlega starfsdaga með öðrum skólum og áætlað er að gefa rými til samstarfs starfsfólks. Tryggja þarf í samvinnu við skólaskrifstofu að endurmenntun sé fjölbreyttari og aðgengilegri.

Skólustjóri ber ábyrgð í samvinnu við starfsfólk að skipuleggja þessa vinnu.

Gluggar í kennslurýmum í eldri byggingu leka, eru með rakaskemmdum og tryggja ekki nægilegt loftskipti. Opnanleg fög nýtast ekki sem neyðarútgangur. Mála þarf skólahúsnæðið að innan. Skipta þarf um eldra gólfefni og útihurð. Aðgengi hreyfihamlaðra að efrihæð og klósettaðstöðu er ekki til staðar. Klára þarf skólalóð, gera bílastæði við skólann og tryggja öryggi barna við komu og brottför úr skóla.

Þetta er á ábyrgð eignasjóðs Ísafjarðarbæjar og þarf að framkvæmast sem allra fyrst, sérstaklega sem varðar öryggi nemenda og starfsfólks og aðgengi fatlaðra.

Skólapúlsinn

Grunnskólinn á Suðureyri tók þátt í nemenda-, foreldra- og starfsmannakönnunum Skólapúlssins. Eftir að niðurstöður bárust úr hverri könnun voru niðurstöðurnar ræddar á starfsmannafundi. Umbætur var ýmist farið í strax í kjölfarið eða ákveðið að gera það frá og með næsta skólaári. Aðal áhyggjuefnið er lítið sjálfsmat nemenda og lítil tiltrú foreldra á framtíðar menntunarstigi nemenda. Við viljum einnig leggja meiri áherslu á fjölreyta kennsluhætti. Hér á eftir eru niðurstöður úr skólapúlssinum.

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2015 -2016

Nemendakönnun

Nemendakönnun var lögð fyrir í haust og aftur í vor. Eftirfarandi niðurstöður eru samanlagðar niðurstöður úr báðum könnunum.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	5,5	33	5,0	16.969	0,5*
1.2. Þrautseigja í námi	5,5	33	5,1	16.956	0,4
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,6	33	5,2	16.954	-0,6
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,8	33	5,1	16.917	-0,3
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,9	33	5,2	16.950	-0,3
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,2	33	5,1	16.918	0,1

Eftir fyrri könnun vorum við 0,4 yfir í lestri og ræddum það að við hefðum samt sem áður lækkað frá því í fyrra. Meðvituð um það hækkuðum við okkur upp milli kannanna. Við erum ánægð með þrautseigju nemenda. Áhugi á stærðfræði er áhyggjuefni. Kennara hefur verið falið að kanna það og koma með lausnir fyrir næsta skólaár. Ánægja af náttúrufræði lagaðist mikið milli kannanna. Var áður -0,9. Þetta er því ánægjuleg þróun. Trú á eigin vinnubrögðum og trú á eigin námsgetu er við meðaltalið. Það er ákvörðun starfsmanna að í samstarfi við foreldrar byggja trú nemenda á eigin ágæti en frekar upp á næsta skólaári.

2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,1	33	5,1	16.921	-1,0*
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,3	33	5,0	16.915	-0,7
2.3. Vellíðan	4,1	33	5,0	16.911	-0,9*
2.4. Einelti	5,7	33	5,1	16.916	0,6
2.5. Tíðni eineltis	6,1%	2 _{/33}	11,4%	1910 _{/16844}	-5,3%
2.6. Staðir eineltis	-	2	-	-	-
2.7. Hreyfing	72,7%	24 _{/33}	71,9%	11980 _{/16696}	0,8%
2.8. Holt mataræði	4,0	33	4,9	16.874	-0,9*

Sjálfsálit nemenda, stjórn á eigin lífi og vellíðan er langt undir meðaltali. Skólastjóri benti sérstaklega á það á sérstökum fundi með foreldrum vegna Skólapúlsins. Þetta eru þau atriði sem starfsfólkið vill helst bæta á næsta skólaári. Unnið verður markvisst með því í samvinnu með foreldrum. T.d. með því að benda nemendum á eigið ágæti og með því að gefa þeim færi á að rækta sjálf sig. Einelti er lítið og langt undir landsmeðaltali. Við erum með nýja eineltisáætlun og leggjum mikið upp úr því að leggja inn hjá nemendum að vera saman í sátt og samlyndi. Þrátt fyrir ávaxtastund og mjög gott mötuneyti, þá borða nemendur okkar ekki nógu holt. Foreldrum var sérstaklega bent á þetta á kynningarfundum um niðurstöður Skólapúlsins.

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2015 -2016

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,0	33	5,1	16.863	-1,1*
3.2. Samband nemenda við kennara	4,3	33	5,1	16.857	-0,8*
3.3. Agi í tímum	5,9	33	5,1	16.861	0,8*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,5	33	5,2	16.831	-0,7*
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,6	32	5,0	16.210	-0,4

Samsömun við nemendahópinn er langt undir landsmeðaltali. Á starfsmannafundi komu upp hugmyndir um að það væri vegna fámennis. Skólastjóri hyggst þó ræða þetta sérstaklega við nemendur í haust og fá þá með í því laga þennan lið. Samband nemenda við kennara er ekki nógu gott. Það lagaðist þó talsvert milli kannanna, en það var í -1,1. Seinni könnun hefur því komið töluvert betur út. Betur má þó ef duga skal. Kennarar eru meðvitaðir um þetta og eru að vinna að þessu. Agi er mjög góður en virk þátttaka nemenda í tímum mjög léleg. Eins og með samband nemenda við kennara var þetta mikið rætt á starfsmannafundi og höfum við bætt okkur umtalsvert, því við vorum með -1,3. Heimavinna hjá nemendum er fyrst og fremst lestur. Margir nemendur gera sér ekki grein fyrir því að lestur sé heimavinna.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir í febrúar.

1. Nám og kennsla

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,0	19	5,1	3.194	-0,1
1.2. Nám í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	5,2	19	5,0	3.143	0,2
1.3. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	100,0%	19	89,4%	2789/3083	10,6%
1.4. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	83,3%	15/18	84,4%	2653/3126	-1,1%
1.5. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	89,5%	17/19	78,2%	2436/3125	11,3%
1.6. Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra	85,0%	17/20	74,7%	2356/3100	10,3%
1.7. Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra	78,9%	15/19	76,3%	2344/3039	2,6%

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2015 -2016

Foreldrar eru mjög ánægðir með stjórnun, aga og áherslu á hefðbundið námsmat. Gera má betur hvað nám og kennslu varðar. Við ætlum m.a. að bjóða sérstaklega foreldrum oftari í skólann.

2. Velferð nemenda

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,4	20	4,7	3.117	-0,3
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	100,0%	16	88,2%	2760 _{/3087}	11,8%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	95,0%	19 _{/20}	91,3%	2923 _{/3182}	3,7%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	95,0%	19 _{/20}	91,4%	2910 _{/3169}	3,6%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	100,0%	20	88,2%	2832 _{/3172}	11,8%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	10,0%	2 _{/20}	10,6%	321 _{/3149}	-0,6%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	-	-	-	-	-
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	-	-	-	-	-
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	77,8%	7 _{/9}	78,3%	1631 _{/2057}	-0,5%
2.10. Meðaltímabil eineltis	-	-	-	-	-
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	2	-	-	-

Ánægja foreldrar með samskipti starfsmanna við nemendur er undir landsmeðaltali eins og í nemendakönnuninni þurfum við að standa okkur betur hvað þetta varðar. Foreldrar eru sérstaklega ánægðir með hvernig við mætum þörfum nemenda og líðan þeirra í frímínútum. Það kom okkur helst á óvart að við skildum vera ögn undir landsmeðaltali í ánægju foreldra með eineltisáætlun skólans. Eftir fund með foreldrum í vor var ljóst að foreldrar höfðu ekki kynnt sér nýja áætlun og því verður boðið upp á fund um hana í haust.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,0	20	5,0	3.126	0,0
3.2. Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu/frístundaheimili	-	-	-	-	-
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili	15,8%	3 _{/19}	37,8%	1231 _{/3134}	-22,0%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundaþjónustu	-	15	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með sérkennslu/stuðning í skólanum	-	-	-	-	-
3.6. Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum	20,0%	4 _{/20}	29,3%	925 _{/3150}	-9,3%
3.7. Tíðni sérkennslu/stuðnings	-	-	-	-	-
3.8. Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun	-	-	-	-	-
3.9. Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun	-	-	-	-	-
3.10. Ánægja foreldra með sálfræðiþjónustu	-	-	-	-	-
3.11. Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu	10,0%	2 _{/20}	14,4%	484 _{/3151}	-4,4%
3.12. Ánægja foreldra með máltíðir í mótuneyti	90,9%	10 _{/11}	75,4%	2144 _{/2756}	15,5%
3.13. Notkun á mótuneyti	55,0%	11 _{/20}	86,9%	2795 _{/3167}	-31,9%*
3.14. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mótuneyti	25,0%	2 _{/8}	7,6%	32 _{/360}	17,4%

Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu er langt undir landsmeðaltali. Það er nú ljóst að tónlistaskóli Ísafjarðar mun hefja störf á Suðureyri í haust eftir nokkurra ára hlé. Vonandi verður það til að bæta eitthvað þetta ástand. Foreldrar eru almennt ánægðir með mótuneytið en nota það ekki mikið. Skapast það aðalega af nálægð við heimili að okkar mati.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,1	19	5,0	3.115	-0,9*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	47,4%	9 _{/19}	55,1%	1731 _{/3036}	-7,7%
4.3. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	13	-	-	-
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	12	-	-	-
4.5. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	90,5%	19 _{/21}	95,3%	2954 _{/3098}	-4,8%
4.6. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	20	-	-	-
4.7. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	63,2%	12 _{/19}	54,0%	1603 _{/3029}	9,2%
4.8. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	81,2%	13 _{/16}	83,1%	2439 _{/2935}	-1,8%
4.9. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	95,2%	20 _{/21}	77,8%	2419 _{/3119}	17,4%*
4.10. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	70,0%	14 _{/20}	70,7%	2286 _{/3183}	-0,7%

Við erum ekki að standa okkur nógu vel í foreldrasamstarfi. Við ætlum að bæta það með því að m.a. bjóða foreldrum sérstaklega velkomna oftár í skólann og halda kynningarfundum um áætlanir. Foreldrar okkar eru ánægðastir á landinu með heimasíðu skólans. Við erum einkar stolt af því.

5. Heimastuðningur

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	5,0	19	4,9	3.114	0,1
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,9	20	4,6	3.100	0,3
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,4	18	4,5	3.065	-0,1
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	55,6%	10 _{/18}	70,4%	2177 _{/3058}	-14,8%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	68,4%	13 _{/19}	55,9%	1706 _{/3067}	12,5%
5.6. Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	56,2%	9 _{/16}	74,8%	2086 _{/2870}	-18,5%

Heimavinna er ekki mikil en foreldrar eyða þó meiri tíma í að aðstoða við hana heldur en aðrir. Það er sláandi hversu litlar væntingar foreldrar hafa um menntunarstig barna sinna. Skólastjóri gerði það að sérstöku umtalsefni á kynningarfundum um Skólalúpsinn með foreldrum.

Ársskýrsla Grunnskólans á Suðureyri
2015 -2016

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars.

2. Allir starfsmenn - Almennt

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð	2,9 dagar	8	2,0 dagar	2.592	0,9 dagar
2.2. Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð (annað)	-	0	-	-	-
2.3. Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð	1,2 skipti	8	1,2 skipti	2.577	0,1 skipti
2.4. Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð (annað)	-	0	-	-	-
2.5. Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð	0,1 skipti	9	0,3 skipti	2.582	- 0,2 skipti*
2.6. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	77,8%	7 _{/9}	68,5%	1776 _{/2590}	9,3%
2.7. Gagnsemi starfsmannviðtals	100,0%	7	82,0%	1342 _{/1605}	18,0%
2.8. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	11,1%	1 _{/9}	18,3%	462 _{/2599}	-7,2%
2.9. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	0%	0 _{/9}	9,8%	254 _{/2601}	-9,8%

Starfsmenn voru ánægðir með starfsmannasamtöl og áreitni og einelti er á lágmarki hjá okkur.

3. Allir starfsmenn - Viðhorf til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsánægja í skólanum	4,5	9	5,1	2.624	-0,6
3.2. Starfsandi innan skólans	4,7	9	5,0	2.589	-0,3
3.3. Stjórnun skólans	4,9	9	5,0	2.569	-0,1
3.4. Upplýsingastreymi innan skólans	4,9	9	4,7	2.612	0,2
3.5. Starfsaðstaða í skólanum	5,9	9	4,5	2.588	1,4*

Starfsaðstaða er góð. Starfsánægja og starfsandi eru aðeins undir meðaltali. Rætt var um leiðir til að bæta starfsánægju og verður haldið því áfram með haustinu.

4. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Ánægja með kennarastarfið	5,7	6	4,8	1.607	0,9
4.2. Trú kennara skólans á eigin getu	3,7	6	4,8	1.602	-1,1*
4.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	2,3	5	5,0	1.507	-2,7*
4.4. Tími í heimavinnu á viku	17,5 mín	6	45,7 mín	1.407	- 28,2 mín*
4.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	50,0%	3/6	69,5%	1140/1634	-19,5%
4.6. Öllum bekknum kennt í einu	50,0%	3/6	47,4%	724/1581	2,6%
4.7. Hópavinna í bekk	50,0%	3/6	28,5%	440/1553	21,5%
4.8. Einstaklingsvinna í bekk	33,3%	2/6	31,3%	494/1570	2,0%
4.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	20,0%	1/5	45,8%	731/1571	-25,8%
4.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	20,0%	1/5	21,3%	330/1555	-1,3%
4.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	80,0%	4/5	74,5%	1179/1590	5,5%
4.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	0	-	-	-

Kennarar eru ánægðir með starfið en hafa litla trú á sjálfum sér. Upplýsingarmiðlun til foreldra er langt fyrir neðan meðatal. Kennarar telja að ný heimasíða sjái að miklu leyti um upplýsingarmiðlun nú orðið. Lítið er um einstaklingsmiðaða kennslu. Það er mitt mat að kennslan sé að mestu leyti einstaklingsmiðuð og því eru þetta einkennilegar niðurstöður.

5. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	5,0	5	4,7	1.468	0,3
5.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	6,1	4	4,8	1.425	1,3
5.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,8	5	4,9	1.550	1,9*
5.4. Samráð um kennslu	0,2	5	5,1	1.545	-4,9*
5.5. Samvinna um kennslu	2,9	4	5,1	1.497	-2,2*
5.6. Valddreifing við ákvarðanatöku	4,5	5	4,6	1.391	-0,1
5.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	4,1	5	4,7	1.467	-0,6
5.8. Vinnuaðstæður kennara	5,9	6	5,1	1.554	0,8

Kennarar eru ánægðir með stuðning en lítil samvinna og samráð eru. Það útskýrist af fámenni.

6. Kennarar - Mat og endurgjöf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
6.1. Umfang mats og endurgjafar	100,0%	5	61,8%	928 _{/1495}	38,2%
6.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	80,0%	4 _{/5}	46,3%	672 _{/1447}	33,7%
6.3. Sanngirni mats og endurgjafar	100,0%	5	90,3%	859 _{/945}	9,7%
6.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	100,0%	5	87,1%	747 _{/847}	12,9%
6.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	6,7	3	4,4	922	2,3*

Kennarar eru ánægðir með mat og endurgjöf frá stjórnendum.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
7.1. Meðalfjöldi daga í símenntun undanfarið ár	29,2 dagar	4	13,6 dagar	1.139	15,7 dagar
7.2. Símenntunarþörf kennara	5,9	6	5,4	1.550	0,5
7.3. Símenntunarþörf kennara (annað)	-	1	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 18 mán.	83,3%	5/6	58,6%	911/1523	24,7%
7.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-
7.6. Form símenntunar sem óskað er eftir	-	6	-	-	-

Einhverjir voru í námi og því hefur farið mikill tími í endurmenntun.

Þarfagreining

Viðhald

Gluggar í kennslurýmum í eldri byggingu leka, eru með rakaskemmdum og tryggja ekki nægilegt loftskipti. Opnanleg fög nýtast ekki sem neyðarútgangur. Mála þarf skólahúsnæðið að innan. Skipta þarf um eldra gólfefni og útihurð. Aðgengi hreyfihamlaðra að efri hæð og klósettaðstöðu er ekki til staðar.

Fjárfestinga

Klára þarf skólalóð, gera bílastæði við skólann og tryggja öryggi barna við komu og brottför úr skóla. Setja upp rennihurð milli sofa á efri hæð skólans vegna breyttra kennsluhátta. Einnig þarf að endurnýja nemendahúsgögn, stóla hjá yngri og mið hóp og borð hjá öllum hópum.

Fjárhagsáætlun

2015	
Áætlun 2015	75.242.275 kr.
Rauntölur 2015	81.425.077 kr.
Mismunur	- 6.182.802 kr.

Framúrakstur ársins 2015 skýrist af launahækkunum hjá kennurum og stjórnendum. Einnig voru tveir skólastjórar á launum hluta af 2015 vegna starfsloka fyrirverandi skólastjóra.